



## Fundargerð

Stjórn VJB - 130. fundur stjórnar VJB haldinn Fjarfundur,  
13. maí 2019, kl. 13:00.

### Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir aðalmaður, Eyrún Arnardóttir aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarféлага, Sævar Þór Halldórsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Smáradóttir embættismaður.

Mannauðsstjóri og fræðslufulltrúi Vatnajökulspjöldgarðs mættu á fund stjórnar og kynntu sig.

#### 1. Svæðisráð norðursvæðis - 58 - 1903002F

*Formaður norðursvæðis fór yfir málefni norðursvæðis.*

#### 2. Svæðisráð suðursvæðis - 67 - 1904001F

*Formaður suðursvæðis fór yfir málefni suðursvæðis. Formaður kynnti drög að nýju deiliskipulagi við Jökulsárlón. Stjórn felur svæðisráði suðursvæðis í samráði við framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvörð að fylgja málinu áfram eftir með því að tillaga að deiliskipulagi við Jökulsárlón verði send til til skipulagsyfirvalda í formlegt ferli hjá sveitafélaginu Hornafirði.*

*Stjórn leggur áherslu á að unnið verði að næstu skrefum í uppbyggingu svæðisins við Jökulsárlón þegar deiliskipulag tekur gildi.*

#### 3. Svæðisráð norðursvæðis - 59 - 1904003F

*Formaður norðursvæðis fór yfir málefni norðursvæðis.*

#### 4. Skaftafell- Umsókn um aðstöðu fyrir veitingavagn - 1904015

Fyrir fundinum lá afgreiðsla svæðisráðs vegna óskar Birnis Smára Haukssyni dagsett 8. apríl 2019 til að staðsetja veitingabíl í Skaftafelli til eins árs.

*Atvinnustefna Vatnajökulspjöldgarðs er nú í vinnslu en henni er m.a. ætlað að mæla nánar fyrir með hvaða hætti þjóðgarðurinn úthlutar aðstöðu og leyfum til rekstraraðila innan þjóðgarðsins. Einnig er fyrirhugað að endurskoða deiliskipulag fyrir Skaftafell. Stjórn Vatnajökulspjöldgarðs tekur undir með svæðisráði suðursvæðis í ljósi þessa og getur ekki mælt með því að veitt sé leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu á meðan unnið er að stefnumörkun til framtíðar í Skaftafelli.*

#### 5. Rekstraráætlun 2019 - 1809004

Yfirferð á rekstraráætlun 2019

#### Gestir

Valbjörn Steingrímsson - 13:05

*Fjármálastjóri kynnti stöðuna í rekstri þjóðgarðsins eftir fyrstu fjóra mánuði ársins 2019.*

*Almennt er reksturinn í jafnvægi en áfram þarf að gæta aðhalds varðandi öll útgjöld.*

#### **6. Atvinnustefna - 1709017**

Fyrir fundinum lágu athugasemdir frá samfélagi vegna atvinnustefnu

*Vinna við atvinnustefnu hefur gengið samkvæmt áætlun og hefur verið gott samstarf við hagsmunaaðila m.a. með fimm samráðsfundum víða á landinu og með vefkönnun.*

*Drög að atvinnustefnuskjali voru til umsagnar fyrir alla sem vildu í apríl mánuði og bárust 13 umsagnir. Umsagnirnar eru almennt gagnlegar.*

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að fylgji málinu eftir í samræmi við umræður á fundinum m.a. með því að rita bréf til allra sem sendu inn umsagnir og með því að ljúka vinnu við stefnuskjalið fyrir næsta fund stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs. Einnig leggur stjórn áherslu á framkvæmdastjóri fylgi eftir í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að vinnu við reglugerð og samningsform vegna atvinnustefnu verði lokið samhliða vinnu við atvinnustefnuna.*

#### **7. Vonarskarð - 1709013**

Staða vinnu framkvæmdaráðs og formanns svæðisráðs

*Þar sem málið er enn í vinnslu er afgreiðslu frestað.*

#### **8. Þjóðgarðastofnun - frumvarp - 1904012**

Athugasemdir við frumvarp um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða

*Stjórn samþykkti að senda inn umsögn til Alþingis um lagafrumvarp númer 778, 2019 - þingskjal 1238, um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða*

#### **9. Framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs - ráðning - 1903004**

Stjórn tekur fyrir skipun framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs

*Stjórn fagnar því að umhverfis- og auðlindaráðherra hafi samþykkt tillögu stjórnar um áframhaldandi ráðningu framkvæmdastjóra til næstu fimm ára og býður hann velkominn til áframhaldandi starfa.*

#### **10. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006**

Framkvæmdastjóri fer yfir mál frá síðasta stjórnarfundum

*Framkvæmdastjóri fer yfir helstu mál sem viðkemur starfsemi þjóðgarðsins.*

**Fundargerð ritaði:** Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 17:00.